

Ár 2014, fimmtudaginn 3. apríl kl. 8:00 kom bæjarráð saman til fundar á skrifstofu bæjarins.

Mætt voru: Unnur Þormóðsdóttir, Eyþór H. Ólafsson og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir.

Ennfremur sátu fundinn Aldís Hafsteinsdóttir, bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð í tölvu.

Unnur Þormóðsdóttir formaður setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Eftirfarandi fært til bókar:

1. Bréf sem borist hafa frá:

1.1. Hestamannafélaginu Ljúfi frá 24. mars 2014.

Í bréfinu óskar hestamannafélagið eftir götulýsingu á athafnasvæði Ljúfs á Vorsabæjarvöllum.

Bæjarráð bendir á að nú er í gangi vinna við nýtt deiliskipulag á Árhólmmum í Ölfusdal og væntanlega munu framkvæmdir þar við bæði bíla- og tjaldsvæði hefjast á næsta ári. Því er erindi bréfitara vísað til gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2015.

2. Tæknileg málefni:

2.1. Minnisblað frá bæjarstjóra frá 1. apríl v/ Búmannna.

Í minnisblaðinu er rætt um vanda búseturéttarhafa þar sem í tillögum sem nú liggja fyrir Alþingi er ekki ráðgert að þeir eigi rétt á lækkun á höfuðstól húsnæðislána.

Bæjarráð samþykkir eftirfarandi samhljóða:

Búmenn hafa byggt 42 íbúðir í Hveragerði og því er vandi búseturéttarhafa hér ærinn verði ekki gerð breyting á umræddum tillögum. Bæjarráð telur að hér sé um mikið réttlætismál að ræða fyrir þá fjölmörgu sem valið hafa þetta búsetuform og því beri Alþingi að taka tillit til sjónarmiða húsnæðissamvinnufélaga sem fram hafa komið að undanfögnu. Bæjarráð óskar þegar í stað eftir fundi með þingmönnum kjördæmisins þar sem Búmenn og fulltrúar sveitarfélaganna sem hér eiga hlut að máli geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri.

2.2. Minnisblað frá bæjarstjóra frá 25. mars v/ ráðgjafa fyrir Hveragarðinn.

Í minnisblaðinu er rætt um aðkomu Roberts Dell prófessors við verkfræðideild Coopers Union háskólans í New York að

hugmyndavinnu í Hveragarðinum.

Bæjarráð samþykkir að skipa Robert Dell sem ráðgjafa við Hveragarðinn (park consultant) til næstu tveggja ára. Um ólaunaða stöðu er að ræða. Robert er meðvitaður um það að allar hugmyndir um aðgerðir á svæðinu þurfa staðfestingu til þess bærna aðila eigi þær að verða að veruleika.

3. **Framtíðarsýn og möguleikar:**

3.1. **Minnisblað frá 1. apríl 2014.**

Lagðar fram niðurstöður í skoðanakönnun sem Capacent gerði fyrir Hveragerðisbæ dagana 6.-17. mars sl. um viðhorf almennings til Hveragerðisbæjar.

Bæjarráð samþykkir að vinna áfram að tillögum um framtíðarsýn og markhópagreiningu í samvinnu við almannatengil á grundvelli niðurstaðna úr könnun Capacent.

4. **Verkfundargerðir:**

4.1. **Hveragerði – Gatnagerð 2014 frá 14. mars 2014.**

Fundargerðin samþykkt.

5. **Fundargerðir til kynningar:**

5.1. Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 14. mars 2014.

Varðandi lið 6 í fundargerðinni „**Undanþágubeiðni Orkuveitu Reykjavíkur vegna styrks brennisteinsvetnis í andrúmslofti**“ bókar bæjarráð eftirfarandi:

Bæjarráð undrast að ekki skuli með skýrum hætti vera sagt í fundargerðinni hver afgreiðsla Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er á erindi Orkuveitunnar en í fundargerð kemur fram að framkvæmdastjóra sé falið að ganga frá umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Þar sem um jafn umdeilt og alvarlegt mál er að ræða telur bæjarráð að viðhafa hefði átt eðlilega og gagnsæja stjórnslu og óska álits frá þeim sem málið varðar hvað mest.

Bæjarráð Hveragerðisbæjar mun hér eftir sem hingað til leggja alfarið gegn öllum þeim óskum um undanþágur sem áhrif geta haft á íbúa höfuðborgarsvæðisins og Suðurlands.

Bæjarráð óskar eftir því að umsögn og greinargerð Heilbrigðiseftirlits Suðurlands verði lögð fyrir næsta fund bæjarráðs.

- 5.2. SASS frá 24. mars 2014.
- 5.3. Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 21. mars 2014.

Fundargerð upp lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:11

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, (sign.)

Eyþór H. Ólafsson, (sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)